

Föstudaginn 31. janúar 1964.

Nr. 81/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Braga Eyjólfsyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsen, Árni Tryggvason, Giz-
 ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Bifreiðar. Ákæra um brot gegn umferðarlögum
 og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ný gögn, sem mál þetta varða, hafa verið lögð fram í
 Hæstarétti.

Föstudaginn 19. október 1962, eftir kl. 6 að kvöldi, hóf
 ákærði áfengisdrykkju ásamt þremur félögum sínum, eins
 og í héraðsdómi greinir. Kl. 7 um kvöldið hættu þeir
 drykkjunni og slitu félagsskapnum um sinn, og kveðst
 ákærði þá hafa fundið á sér áhrif áfengis. Síðar um kvöld-
 ið hittust þeir aftur, svo sem rakið er í héraðsdómi, en
 um áfengisneyzlu ákærða eftir það og þangað til hann tók
 að aka bifreið, væntanlega milli kl. 2 og 3 um nóttina, er
 lítið í ljós leitt, sem henda megi reiður á, að því undan-
 teknu, að ákærði kveðst hafa sopið einu sinni á vínblöndu,
 að því er virðist milli kl. 12 og 1 um nóttina. Eftir það
 gekk ákærði frá vegamótum Hafnavegar og Stapafells-
 vegar til Keflavíkur, en stytzt leið þar á milli er 4.5 km.
 Eftir það hóf hann aksturinn. Er ósannað, að hann hafi þá
 fundið á sér áhrif áfengis, og ber því að staðfesta hinn
 áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostn-
 að sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda
 ákærða fyrir Hæstarétti, sem eru ákveðin kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Dómur sakadóms Keflavíkur 24. apríl 1963.

Ár 1963, miðvikudaginn 24. apríl, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakamálinu: Ákærvaldið gegn Braga Eyjólfssyni.

Mál þetta var þingfest og dómtekið fyrr í dag.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 18. marz 1963, er opinbert mál höfðað gegn Braga Eyjólfssyni iðnnema, Aðalgötu 14, hér í bæ, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 20. október 1962 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og undir áhrifum þess bifreiðinni Ö 83 að heiman frá Aðalgötu 14 að mótum Hafnavegar og Stapafellsvegar, en þaðan til baka til Keflavíkur.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, fæddur 12/3 1945 í Keflavík, og hefur ekki áður, svo vitað sé, verið kærður eða hlotið refsingu.

Málsatvik skulu nú rakin:

Um kl. 0040 aðfaranótt laugardagsins 20. október 1962 veittu lögregluþjónar, sem voru á eftirlitsferð um Hafnaveg, athygli bifreið, er stóð á veginum nálægt Stapafelli. Í bifreiðinni voru Ólafur Ingi Sveinsson og Sveinbjörn Guðmundsson, báðir frá Keflavík, og sat Ólafur undir stýri bifreiðarinnar, en bifreiðin var í eigu Sveinbjörns.

Aðspurður kvaðst Ólafur ekki hafa ökuréttindi, en að hann hefði ekið bifreiðinni að þessum stað að beiðni Sveinbjörns, en hann væri ölvaður. Lögregluþjónarnir handtóku báða mennina og færðu Sveinbjörn til alkóhólrannsóknar.

Ekkert kom fram í rannsókn málsins, sem styddi grun um,

að Sveinbjörn hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn, og heimilaði saksóknari ríkisins, að þessum þætti málsins yrði lokið gagnvart nefndum mönnum með því, að þeir greiddu hæfilegar sektir.

Meðan á rannsókn á framangreindum þætti stóð, barst rannsóknardómara tilkynning um, að brotízt hefði verið þessa sömu nótt inn í birgðageymslu Sölunefndar varnarliðseigna í Seaweed-hverfi á Keflavíkurflugvallarsvæðinu, m. ö. o. tiltölulega skammt frá þeim stað, er þeir Sveinbjörn voru handteknir.

Er frekar var gengið á þá félaga, kom fram, að þeir höfðu fyrr um nóttina ekið ásamt Þór Sverrissyni, Arnóri Guðmundssyni, báðum frá Keflavík, og ákærða í máli þessu að fyrrnefndum stað á Hafnaveginum, og hafði Ólafur ekið, en allir hinir höfðu verið við skál, þó Arnór minnst, að því er Ólafur ætlaði.

Ferðin var gagnert ráðin til að stela einhverju fémætu úr nefndum vöruskemmum. Þeir ákærði, Arnór og Þór gengu síðan inn á flugvallarsvæðið, en þeir Ólafur og Sveinbjörn héldu í bílnum til baka til Keflavíkur. Áður hafði þó verið tiltekinn viss tími, þegar þeir skyldu sækja þremmenningana aftur. Voru tvímenningarnir þeirra erinda, er lögreglan handtók þá.

Það er nú af þremmenningunum að segja, að eftir að hafa látið greipar sópa um skemmur sölunefndarinnar, fluttu þeir þýfið að Hafnaveginum og biðu þeirra Ólafs og Sveinbjörns, en er þeim tók að leiðast biðin, lagði ákærði af stað fótgangandi heim til sín til Keflavíkur og tók þar bíl föður síns og ók honum til baka. Þeir óku þýfinu síðan heim til ákærða.

Með bréfi, dags. 18. marz s.l., tilkynnti saksóknari ríkisins embættinu þá ákvörðun sína, að fresta öllum frekari aðgerðum í framangreindu þjófnaðarmáli skilorðsbundið, en hins vegar skyldi höfða opinbert mál á hendur ákærða fyrir að hafa ekið bíl föður síns ölvaður í umrætt sinn.

Svo sem sjá má af málsskjölum, beindist lögreglu- og dómsrannsókn einkum að því að upplýsa sem bezt þjófnaðarmálið, en fylgifiskar þess, svo sem meintur ölvunarakstur ákærða, sátu frekar á hakanum, og var ákærði til dæmis ekki færður til blóðtöku vegna alkóhólrannsóknar.

Verður nú rakið, hvað sjá má af málsskjölum um nefndan meintan ölvunarakstur.

Vitnið Ólafur segir þá Sveinbjörn hafa farið heim til vitnisins Þórs um tíuleytið nefnt kvöld, og hafi þeir hinir og þar á meðal ákærði þá verið við skál og Arnór minnst, að því er vitninu virtist, en vitni þetta var hið eina, sem ekki drakk áfengi.

Vitnið Sveinbjörn skýrði í aðalatriðum eins frá og vitnið Ólafur og var þó spurt sjálfstætt. Vitni þetta segist sjálft hafa byrjað að neyta áfengis ásamt vinnufélögum sínum (væntanlega þeim ákærða, Þór og Arnóri) um sexleytið umrætt kvöld á vinnustað þeirra, um það leyti er vinnu lauk, og hafi þeir bæði drukkið brennivín og vodka. Vitni þessu virtist þeir allir vera með áfengisáhrifum um kl. 7 um kvöldið, er vitnið skildist við þá hina. Er vitni þetta kom heim til Þórs ásamt vitninu Ólafi, virtist því allir þar vera sýnilega undir áfengisáhrifum, væntanlega einnig ákærði, án þess hans sé sérstaklega getið.

Vitnið Gunnar H. Valdimarsson lögregluþjónn getur þess í skýrslu sinni til lögreglustjóra, að ákærði muni hafa verið ölv-aður í umrætt sinn. Ekki sést þó beinlínis á skýrslum, á hverju vitni þetta byggir þetta álit sitt.

Vitnið Arnór segir vitnin Sveinbjörn og Þór ásamt ákærða hafa drukkið áfengi, að vinnu lokinni umrætt kvöld, til kl. 19 og drukkið saman úr einni brennivínsflösku, en þá hafi hver haldið heim til sín. Síðan hafi þeir allir hitzt heima hjá Þór síðar um kvöldið. Vitni þetta segir þá hafa haft meðferðis, er þeir fóru í þjófnaðarleiðangurinn, eina áfengisflösku og drukkið af henni á leiðinni að flugvallargirðingunni, en síðan hafi hann og vitnið Þór lokið úr flöskunni. Vitnið telur þá alla hafa fundið til áfengisáhrifa af drykkjunni, en þó muni hafa verið runnið af ákærða, er hann fór til að sækja bifreið föður síns.

Ákærða sagðist við dómsrannsókn málsins eins frá og vitninu Arnóri, og var hann þó spurður sjálfstætt, og sagði aðspurður, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur sinn um nóttina og að hann hefði einskis áfengis neytt, eftir að hann fór úr bifreið þeirra Ólafs og Sveinbjörns, en hins vegar hefði hann fundið til áfengisáhrifa eftir drykkjuna fyrr um kvöldið.

Vitnið Þór greindi frá atburðum mjög á sömu lund og vitnið Arnór og ákærði. Hann kvaðst þó minnast þess greinilega að hafa séð ákærða drekka af stút áfengisflöskunnar, þá er þeir voru að flytja þýfið úr vöruskemmunum að Hafnaveginum. Vitni þetta og ákærði voru samprófaðir um þetta ágreiningsatriði, og náðist ekki samræmi, en vitnið ítrekaði, að hann minntist þessa greinilega, og tók fram, að þetta hefði gerzt, er þeir höfðu lokið við að flytja þýfið að Hafnaveginum og biðu þeirra Ólafs og Sveinbjörns. Nánar um þetta segir vitni þetta, að hann og vitnið Arnór hafi verið að snapsa sig, og hafi ákærði þá einnig viljað fá sopa, en þeir hinir lagzt gegn því, þar eð hugs-

anlegt væri, að ákærði þyrfti sjálfur að aka síðar um nóttina, eins og raun varð á, en ákærði hafi í engu sinnt tilmælum þeirra og fengið sér sopa úr flöskunni.

Vitnið Arnór kom nú aftur fyrir rétt, og kvaðst hann greinilega minnst þeirra orðaskipta, sem vitnið Þór vísaði til, og staðfesti, að hann hefði séð ákærða fá sér sopa úr áfengisflöskunni.

Ákærði var nú samprófaður með vitni þessu og játaði þá að hafa fengið sér einn sopa í umrætt skipti, og hafi þetta verið vodka, blandað með gosdrykk.

Svo sem nú er rakið, er sannað með játningu ákærða og framburði vitna, að hann gerðist ölvaður að kvöldi dags 19. október 1962 og fann þá til áfengisáhrifa og hélt áfengisdrykkju áfram fram eftir nóttu, í það minnsta fram undir miðnætti, og drakk eftir miðnætti aðfaranótt 20. október 1962 í það minnsta einn sopa af áfengisblöndu og ók í framhaldi af þessu nokkru síðar um nóttina bifreið föður síns, Ö 83, að heiman frá sér að mótum Hafna- og Stapafellsvega og þaðan til baka til Keflavíkur. Gegn mótmælum ákærða er þó ekki sannað, að hann hafi við umgetinn akstur fundið til áfengisáhrifa, enda engin vitni borið berlega um það atriði ákærða í óhag. Þá er heldur ekki upplýst, hversu mikið alkóhól var í blóði ákærða við umræddan akstur, og þar sem allan vafa um það atriði verður að meta ákærða í vil, þykir ekki unnt að sakfella í máli þessu, og þer því vegna skorts á sönnunum að sýkna ákærða af ákæru ákæruvaldsins.

Þess má geta, að lögreglustjóri svipti ákærða ökuréttindum til bráðabirgða 27. marz s.l., og er sú ökuréttindasvipting hér með felld úr gildi.

Samkvæmt þessari dómsniðurstöðu ber ríkissjóði að greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Tómasar Tómassonar héraðsdómslögmanns, sem hæfileg ákveðast kr. 1.500.00.

Hákon Heimir Kristjánsson kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Bragi Eyjólfsson, skal sýkn af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Tómasar Tómassonar héraðsdómslögmanns, sem hæfileg ákveðast kr. 1.500.00.
